

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2021, föstudaginn 12. mars kl. 9:00 var haldinn 303. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1. Fundarfólk: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Eyþór Laxdal Arnalds, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Hildur Björnsdóttir, Valgarður Lyngdal Jónsson og Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir. Einnig tóku þátt Bjarni Bjarnason, forstjóri, Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála, og Bryndís María Leifsdóttir, forstöðumaður reikningshalds, og endurskoðendurnir Davíð Arnar Einarsson og J. Sturla Jónsson. Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram svohljóðarndi tillaga um arðgreiðslu:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) samþykkir að gera tillögu til aðalfundar um arðgreiðslu að fjárhæð 4.000 milljónir króna. Tillagan felur í sér að fjárhagsleg skilyrði eru uppfyllt fyrir og eftir arðgreiðslu samkvæmt fjárhagsspá yfir tímabilið 2021-2025.

Samþykkt með atkvæðum Brynhildar Davíðsdóttur, Gylfa Magnússonar, Sigríðar Rutar Júlíusdóttur og Valgarðs Lyngdal Jónssonar. Eyþór Laxdal Arnalds og Hildur Björnsdóttir sitja hjá og óska bókað:

Orkuveitan hefur ákveðið að greiða arð til eigenda að fjárhæð 4 milljarðar króna á þessu ári. Orkuveitan greiðir auk þess 3,5 milljarða vegna eigendalána og hafði greitt meira en 7 milljarða á síðasta ári. Til samanburðar má nefna að áætluð lántaka ársins er rúmir 13 milljarðar. Helmingur þeirrar lántöku er því greiddur til eigenda.

2. Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála lagði fram til samþykktar ársreikning Orkuveitu Reykjavíkur móðurfélags og Orkuveitu Reykjavíkur samstæðu fyrir árið 2020. Reikningarnir voru kynntir á fundi stjórnar 22. febrúar sl. og á fundi 9. mars sl. Davíð Arnar Einarsson endurskoðandi Grant Thornton kynnti endurskoðun reikningsins.

Reikningarnir bornir upp og samþykktir samhljóða. Reikningarnir staðfestir með rafrænni undirskrift stjórnarfólks. Eyþór Laxdal Arnalds og Hildur Björnsdóttir óska bókað:

Rétt er að benda á að málaferlum við Glitni vegna afleiðusamninga er ekki lokið en áhætta vegna þessa máls kann að vera vanmetin.

3. Ársreikningur móðurfélags OR lagður fram og samþykktur samhljóða.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 9:45

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 22. mars 2021.

Brynhildur Davíðsdóttir

Gylfi Magnússon
Eyþór Laxdal Arnalds
Valgarður Lyngdal Jónsson

Sigríður Rut Júlíusdóttir
Hildur Björnsdóttir
Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir